



„Ég hóf nám í líftækni eftir að hafa tekið mér nokkuð langt hlé frá skóla. Þegar ég valdi þetta nám var ég ekki alveg viss um hvað ég var að koma mér í, en núna sé ég að ég valdi rétt. Námið er mjög fjölbreytt og ekki má gleyma öllu því frábæra fólki sem ég kynntist á námsárunum. Í auðlindadeild eru stundaðar öflugar rannsóknir, oft í tengslum við atvinnulíf, sem nemendum gefst kostur á að taka þátt í, t.a.m. sem sumarstarf. Ég var einmitt svo heppin að fá að taka þátt í stóru rannsóknarverkefni sem varð til þess að ég skráði mig í framhaldsnám á sama fræðasviði. Eftir meistaranámið fékk ég vinnu á verkfræðistofu, en við upphaf námsins hvarflaði ekki að mér að ég færi að starfa á slíkum vinnustað.“

Dagný Björk Reynisdóttir
M.S. í líftækni 2007,
sérfræðingur hjá Mannviti hf.

„Námið hefur nú þegar komið að mjög góðum notum í starfi við stefnu-
mótun, stjórnun og daglega rekstrarþætti sem og við viðhald og efling
erlendra viðskiptasambanda.“

Elín Dögg Gunnarsdóttir
meistaraniemi í viðskiptafræðum



„Meistaránámið er áhugavert, spennandi og krefjandi nám í
alþjóðlegu samhengi. Það er mjög hagnýtt og vel tengt atvinnu-
lífinu. Kennir er í lotum og námið þar með sniðið að einstak-
lingum í atvinnulífinu. Eitt af því sem ég tel gefa náminu aukið
vægi er mismunandi bakgrunnur og reynsla nemenda.“

Atli Kristjánsson
innkaupastjóri Rolf Johansen & Company

Viðskipta- og raunvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Norðurlóð 2
600 Akureyri
Sími: 460 8000

**Skrifstofustjóri viðskipta-
og raunvísindasviðs:**
Ása Guðmundardóttir,
sími 460 8037,
netfang: asa@unak.is

**Forseti viðskipta-
og raunvísindasviðs:**
Hans Kristján Guðmundsson,
netfang: hkg@unak.is

**Umsjónarmaður framhaldsnáms
í viðskiptafræðum:**
Ögmundur Knútsson,
netfang: ogmundur@unak.is

**Umsjónarmaður framhaldsnáms
í auðlindafræðum:**
Oddur Vilhelmsson,
netfang: oddur@unak.is

www.unak.is

**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri



10|11

**VIÐSKIPTA- OG
RAUNVÍSINDASVIÐ**

MEISTARANÁM Í AÐLINDAFRÆÐUM M.S.
MEISTARANÁM Í VIÐSKIPTAFRÆÐI M.S.

www.unak.is



MEISTARANÁM Í AUÐLINDAFRÆÐUM (M.S.)

Hvað eru auðlindafræði?

Auðlindafræði er safnheiti yfir hvers kyns vísindi er lúta að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Hér er því um að ræða þverfaglegt fræðasvið þar sem saman koma raunvísindi, náttúrufræði, hagfræði og viðskiptafræði. Auk bakkalárnáms í líftækni, sjávarútvegsfræðum og umhverfis- og auðlindafræðum býður raunvísindadeild HA upp á rannsóknartengt meistaranám í auðlindafræðum þar sem nám er sniðið að einstökum nemendum og rannsóknarverkefnum.

Námsgráðan

Þeir sem ljúka rannsóknartengdu meistaranámi í auðlindafræðum hljóta lærdómstílinn Magister Scientiarum í auðlindafræðum (natural resource sciences). Námið veitir góðan undirbúning undir ýmis sérfræðistörf á sviðum sem tengjast rannsóknarverkefninu, auk aðgangs að doktorsnámi á tengdum fræðasviðum við jafnt innlenda sem erlenda háskóla. Meðal starfa að námi loknu má nefna rannsóknarstörf í líftækni- og sjávarútvegsfræðum, sérfræðistörf á rannsóknarstofnunum, verkfræðistofum o.fl. auk kennslu og rannsókna í háskólum.

Uppbygging námsins

Skipulag meistaranáms í auðlindafræðum er á margan hátt ólíkt því sem gildir á bakkalárstigi. Til að mynda er ekki fyrirbyggjandi ákveðin námskrá meistaranáms, heldur er námið einstaklingsmiðað þannig að hver nemandi fylgir eigin námskrá sem er sérsniðin að þörfum hans og þess rannsóknarverkefnis sem hann vinnur að á námstímanum. Meðal fyrstu verkefna meistarakandidatsins er að velja sér námskeið úr kennsluskrá HA og samstarfsstofnana hans í náinni samvinnu við aðalleiðbeinanda sinn. Meistaránámsnefnd viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að hin einstaklingsmiðaða námskrá standist ýrtruðu gæðakröfur.

Rannsóknarverkefnið

Rannsóknarverkefnið er stærsti hluti námsins og er ýmist 60 eða 90 ECTS einingar að umfangi. Verkefnið vinnur nemandinn undir handleiðslu eins af sérfræðingum skólans, en auk aðalleiðbeinanda eru einnig kallaðir til einn til tveir ráðgefandi sérfræðingar, gjaman utan skólans, sem tryggja að verkefnið standist alþjóðlegar gæðakröfur. Verkefninu lýkur með opinni vörn og skilum meistaranámgerðar sem að jafnaði er rituð á ensku.

Erlend tengsl

Að öllu jöfnu taka meistaranemar í auðlindafræðum hluta náms síns við erlenda háskóla eða aðrar samstarfsstofnanir, gjaman í formi náms- og starfsdvalar á virtri rannsóknarstofu á sviði nátengdu rannsóknarverkefninu. Í sumum tilvikum eru einnig tekin námskeið við erlenda háskóla. Þetta fyrirkomulag tryggir nemendum aðgengi að hinu alþjóðlega rannsóknarsamfélagi.



MEISTARANÁM Í VIÐSKIPTAFRÆÐUM (M.S.)

Meistaránám í viðskiptafræðum við Háskólann á Akureyri er 90 ECTS eininga nám. Mögulegt er að ljúka 120 ECTS eininga M.S.-námi með því að skrifa viðameira lokaverkefni. Námið er því bæði hægt að taka með starfi eða sem fullt nám.

Þau námskeið sem í boði eru:*

- ▶ Rannsóknaraðferðir (10 ECTS)
- ▶ Alþjóðaviðskipti og alþjóðastofnanir (10 ECTS)
- ▶ Fjármál fyrirtækja (10 ECTS)
- ▶ Alþjóðleg stefnumótun (10 ECTS)
- ▶ Alþjóðafjármál og bankastofnanir (10 ECTS)
- ▶ Alþjóðleg mannaúts- og þekkingarstjórnun (10 ECTS)
- ▶ Forysta og árangur (10 ECTS)
- ▶ Lokaverkefni (30–60 ECTS)

Kennsluáðferðir

Fjölbreyttar kennsluáðferðir eru notaðar til að virkja þátttöku og frumkvæði nemenda. Þeirra á meðal má nefna umræður, málstofur, einstaklings- og hópverkefni og raunverkefni/tilviksrannsóknir (case studies).

Námslotur

Til þess að koma til móts við þarfir einstaklinga og fyrirtækja um land allt eru námslotur einu sinni í mánuði, frá fimmtudegi til laugardags. Meistaránemendum ber skylda til að mæta í kennslu- lotur. Það auðveldar mjög alla verkefnavinnu og er forsenda fyrir gagnrýnni umræðu og markvissri greiningu á viðfangsefnum, auk þess sem nemendur kynnast hver öðrum og kennum sínum. Þess á milli fara samskipti fram í rafrænu vefumhverfi.

Námsmat

Námsmat er með ýmsu móti í samræmi við námsmarkmið og kennsluhætti. Þannig er námsframvinda metin í einstaklings- og hópverkefnum, þátttöku í málstofum, greiningu tilvika (case study) og í skriflegum og munnlegum prófum.

Samstarf við atvinnulíf

Öflugir bakhjarlar hafa staðið á bak við námið faglega og fjárhagslega. Lögð er rík áhersla á að fá öfluga gesta- og fyrirlésara til að halda fyrirlestra fyrir nemendur. Með þessu móti er tryggt að námið sé í góðum tengslum við þá aðila sem starfa á viðkomandi sviðum. Háskólinn telur það vera mikilvægan þátt í að tryggja að nemendur stundi nám í hæsta gæðaflokki.

* Birt með fyrirvara um breytingu á námskrá

Kennsluáætlun veturinn 2010–2011

Haustmisseri 2010		Vormisseri 2011	
Lota 1	30. ágúst til 4. september	Lota 1	10. janúar til 15. janúar
Lota 2	27. september til 2. október	Lota 2	7. febrúar til 12. febrúar
Lota 3	25. október til 30. október	Lota 3	7. mars til 12. mars
Lota 4	22. nóvember til 27. nóvember	Lota 4	11. apríl til 16. apríl

Inntökuskilyrði

Almann krafa er að umsækjendur hafi lokið B.S.-námi í viðskiptafræðum við viðurkennda háskóla, að jafnaði með fyrstu einkunn. Einnig verður litið til starfsreynslu við val á nemendum. Sjávarútvegsfræðingar sem hafa lokið fjögurra ára B.S.-námi geta einnig fengið inngöngu. Þeir sem lokið hafa bakkalárgráðu í öðru námi við viðurkennda háskóla þurfa að hafa lokið 66 ECTS eininga kjamanámskeiðum í viðskiptafræðum til að geta hafið meistaranám í viðskiptafræðum við deildina.

Innritunargjald og annar kostnaður

Innritunargjald fyrir skólaárið 2010/2011 er kr. 45.000. Nemendur bara allan beinan kostnað, þar með talið heimsóknir í fyrirtæki, námsferðir, bókakostnað, og svo framvegis.

Umsóknarfrestur er til 5. júní 2010



„Uppsetning námsins er sérstaklega áhugaverð og gefur svigrúm varðandi skipulagningu og dreifingu á vinnuálagi. Þannig verður fær leið fyrir þá sem vilja bæta við sig menntun samhliða vinnu auk þess sem það eykur gildi námsins að þarna kemur saman hópur fólks úr atvinnulífinu sem m.a. getur deilt eigin reynslu í gegnum verkefnavinnu.“

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
framkvæmdarstjóri Menningarhússins Hofs



„The students were knowledgeable and engaged. Their coursework had led them to grapple with the issues firms face in the global economy and come up with workable solutions. I was also impressed by the caliber of the faculty and the facilities.“

Melissa Johns
sérfræðingur hjá Alþjóðabankanum og gestakennari